

## Tilkynning um innlausn Elkem ASA á hlutum í Íslenska járnblendifélaginu hf.

Á stjórnarfundum í **Íslenska járnblendifélaginu hf.**, sem haldinn var þann 6. febrúar sl., ákváðu stjórn félagsins og **Elkem ASA**, sem á yfir 90% hlutafjár í félaginu og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni, að hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn Elkem ASA á hlutum sínum í samræmi við ákvæði 24. og 25. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Elkem ASA hefur ákveðið að miða innlausnarverðið við **gengið 1,15**. Er þá horft til þess að síðastliðnar vikur hafa hlutir fyrir 268.521.082,- kr. að nafnverði, eða 24,62% heildarhlutafjár í félaginu, skipt um hendur á þessu gengi í 436 viðskiptum. Einnig er horft til þess að undanfarið ár hafa viðskipti með bréf félagsins í Kauphöll Íslands hf. verið á genginu 0,4–1,15. Loks byggir Elkem ASA innlausnarverðið á sambærilegum útreikningum og lagðir voru til grundvallar við síðustu hlutafjárhækkun í félaginu.

Með vísan til ofanritaðs skorar Elkem ASA hér með á alla hluthafa Íslenska járnblendifélagsins hf. að framselja bréf sín til Elkem ASA innan fjögurra vikna eða í síðasta lagi **fimmtudaginn 3. apríl** nk. Framsalseyðublöð má nálgast á heimasíðunni [www.lex.is](http://www.lex.is) eða á lögmannsstofunni Lex í síma 590 2600.

Náist ekki samkomulag um framsal bréfanna á framangreindu gengi verður það ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir verða á heimilisvarnarþingi Íslenska járnblendifélagsins hf. Leiði ákvörðun matsmanna til herra innlausnarverðs en Elkem ASA býður, gildir það einnig fyrir þá hluthafa sem ekki hafa beðið um mat.

Athugasemdum við innlausnargengið skal komið á framfæri við Bjarna Benediktsson hdl. hjá Lex ehf. lögmannsstofu, Sundagördum 2, 104 Reykjavík. Kostnað við hugsanlegt mat greiðir Elkem ASA nema dómstóll telji vegna sérstakra ástæðna að viðkomandi minni hluti hluthafa skuli að nokkru eða öllu leyti greiða kostnaðinn.



**Íslenska járnblendifélagið hf.**  
Icelandic Alloys Ltd.